

7. nóvember 2018

Frásögn af sjöunda fundi starfshóps um samræmd könnunarpróf

Fundinn sátu: Brynhildur Sigurðardóttir, Eðvald Einar Stefánsson, Helgi Arnarsson, Hjördís Albertsdóttir, Svanhildur K. Sverrisdóttir, Sverrir Óskarsson, Þorvar Hafsteinsson og Þórður Kristjánsson. Margrét Harðardóttir boðaði forföll.

Þessi fundur fór fram kl. 12.30–16, að loknum samráðsfundi sem stóð frá kl. 8.45–12. Á fundinum var rætt um nýafstaðin fund með 50 þátttakendum, skipulag fundarins og hvernig til tókst. Þá var rætt um næstu skref samstarfshópsins. Meðal þess sem fram kom var:

- Að eitt af því sem væri mjög mikilvægt að skoða og skýra væri TIL HVERS. Til hvers eru samræmd próf, hver er tilgangur þeirra? Fyrir yfirvöld, skóla, kennara, nemendur, forráðamenn?
- Algengt að heyra að talað sé um að þörf sé á lengri tíma til að prófa rafræn próf. Að ein leið gæti verið að skoða kosti og galla þess að stoppa ferlið, þ.e. fresta framkvæmd samræmdra prófa þar til búið er að hanna próf sem falla betur að kröfum og væntingum um „góð“ próf.
- Gæti verið nóg að breyta því hvernig niðurstöður eru birtar en hafa prófin í svipum dúr?
- Prófin sem lögð eru fyrir nemendur á Íslandi eru „mildasta“ útgáfa prófa í Evrópu, utan Finnlands.
- Mikilvægt að hægt sé að afla upplýsinga um kerfið í heild, t.d. til þess að geta skoðað hvað mætti bæta, t.d. nám innflytjenda. Prófin í dag gera þetta ekki. Norsku prófin eru dæmi um þannig próf.
- Spurning hvort kaupa þurfi tölvukerfi sem býður upp á fleiri möguleika en þetta kerfi sem nú er í notkun.
- Hvaða samræmdu mælikvarðar eru til í dag sem geta nýst í stað samræmdra könnunarprófa – ef ákveðið yrði að hætta að leggja þau fyrir?
- Hver eru afturvirku áhrif prófanna? Áhersla á tiltekna námsgreinar, jafnvel námsþætti innan greina, tilhögun kennslu.
- Skoða þar vel hvaða gestum við bjóðum á fundi með starfshópnum. Æskilegt að hitta fleiri nemendur og fjölbreyttan hóp.
- Við erum að komast á þann stað í vinnunni að það fer að verða tímabært að fara meira á dýptina.
- Starfshópurinn telur að verkefninu miði í rétta átt, að fundir starfshópsins nýtist mjög vel og að samráðsfundurinn hefði verið mikilvægur. Jafnframt að rétt sé að skoða möguleika þess að hafa fleiri samráðsfundi þegar vinnan verður komin á næsta stig.
- Ákveðið var að funda vikulega fram að jólum á miðvikudögum kl. 8.45–11.45. Fundað verður á mismunandi stöðum.